

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/2294

2016/EES/44/15

frá 9. desember 2015

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 með tilliti til þess að fastsetja nýjan virkan hóp fóðurukefna (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í föðri ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) 1831/2003 er kveðið á um að flokka skuli fóðurukefni í flokka og ennfremur í virka hópa innan þessara flokka eftir virkni þeirra og eiginleikum.
- 2) Vegna þróunar á sviði tækni og vísinda geta sum fóðurukefni bætt hollustusamlegt ástand fódurs, einkum með því að draga úr sértækri örverumengun og minnka þar með hugsanleg skaðleg áhrif örvera á heilbrigði dýra.
- 3) Til viðbótar því að koma kröfum um hollustuhætti og góðar starfsvenjur í öllu föðurferlinu í framkvæmd gætu stjórnendur, í sérstökum tilvikum, þurft að nota efni, sem bæta hollustusamlegt ástand, til að bæta gæði fódurs og veita þar með viðbótarábyrgðir fyrir vernd dýraheilbrigðis og lýðheilsu. Þar eð ekki er unnt að flokka slík fóðurukefni í neinn þeirra virku hópa sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er nauðsynlegt að bæta nýjum, virkum hópi við í flokkinn „tæknileg aukefni“.
- 4) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1831/2003 til samræmis við það.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður n) bætist við í 1. lið I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1831/2003:

„n) efni sem bæta hollustusamlegt ástand: efni eða, ef við á, örverur sem hafa góð áhrif á hollustusamlega eiginleika fódurs með því að draga úr sértækri örverumengun.“

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 324, 10.12.2015, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2016 frá 3. júní 2016 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. desember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
